Barnaheill

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 17. október 2019

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um útlendinga (aldursgreining með heildstæðu mati). Þingskjal 115, 115. mál.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Barnaheill - Save the Children á Íslandi - Háaleitisbraut 13, 108 Reykjavík
s. 553 5900 - barnaheill@barnaheill.is - www.barnaheill.is

Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016, með síðari breytingum (aldursgreining með heildstæðu mati)

Barnaheill – Save the Children á Íslandi styðja við tillögu frumvarps þessa um aldursgreiningu á útlendingum sem sækja um alþjóðlega vernd en þó þannig að hún fari einungis fram í verulegum vafatilvikum og þá með heildstæðu mati, sem taka skal mið af aðstæðum, frásögn viðkomandi og fyrirliggjandi gögnum og upplýsingum.

Barnaheill telja að aldursgreining umsækjanda eigi að heyra til undantekninga og að þær eigi einungis að koma til þegar verulegur vafi er um aldur viðkomandi. Sé uppi verulegur vafi skal notast við skjalaleit, faglegt mat eða aðkomu sérfræðinga, svo sem sálfræðinga eða félagsráðgjafa, til að greina aldur umsækjenda.

Barnaheill taka undir þau sjónarmið að aldursgreining með líkamsrannsókn sé óheppileg og of óáreiðanleg og ónákvæm til að byggja á, auk þess sem hún gengur eða getur gengið mjög nærri friðhelgi einkalífs viðkomandi umsækjanda, sbr. 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Þar að auki hefur aðferðafræði líkamsrannsókna verið harðlega gagnrýnd af sérfræðingum í læknavísindum vegna skorts á vísindalegum áreiðanleika sem talið er leiða til aukinnar hættu á ákvörðunum byggðum á geðþótta. Gæta skal þess að forsjáraðili eða réttargæslumaður sé viðstaddur líkamsrannsóknina og að hún sé aðeins framkvæmd með upplýstu samþykki viðkomandi. Enn fremur skal þess gætt að vægasta úrræðið sé valið við líkamsrannsóknina og að viðkomandi fái ávallt tækifæri til þess að andmæla matinu. Æskilegast væri að sleppa alfarið líkamsrannsóknum.

Barnaheill taka sérstaklega undir að þegar umsækjandi um alþjóðlega vernd segist vera barn að aldri skal alltaf ganga út frá því að viðkomandi sé barn, þar til og ef annað kemur í ljós með heildstæðu aldursmati. Umsækjandinn skal því ávallt njóta vafans og allra þeirra réttinda sem barn á samkvæmt útlendingalögum, Barnasáttmálanum og öðrum lögum.

Barnaheill hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi og leggja ríka áherslu á að börnum sé ekki mismunað um réttindi þau sem hann tryggir börnum.